

## Fundargerð – 1. júlí 2009, fundur stýrinfundar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint

Málsnúmer: FOR09030068

Skráð: 4. ágúst 2009

Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson/FOR/NotesSTJR

### Viðstaddir

Þorsteinn Þorsteinsson, Helga Valfells, Þórhallur Arason og Indriði Þorláksson fyrir hönd Ríkisstjórnarinnar. Charles Williams and Andrew Speirs led the reporting from Hawkpoint. Viðar Lúðvíksson frá Landslögum.  
Tómas Brynjólfsson skráði fundargerð.

### 1. Fundur með skilanefndum og fulltrúum kröfuhafa

Fundur með skilanefnd Kaupþings og Morgan Stanley voru jákvæðir og við fundum fyrir vilja manna til að finna leiðir til að klára verðmat og strúktúr. UBS hefur sagt að ekki þurfi að halda fund með Glitni. Hugmyndir þeirra eru ekki ólíkar hugmyndum stjórnvalda. Þeir eru að vinna að verðmatsaðferð. Það eru hins vegar vandamál þegar kemur að Landsbanka. Kröfuhafar hafa óskað eftir að verðmat FME frá því í október verði notað. Kröfuhafar vilja ekki hefja samningaviðræður fyrr en FME skiptir um skoðun. ÞP sagði að líklega myndu stjórnvöld leggja til að eignir yrðu færðar aftur til baka til að leysa úr þessari deilu. Skilanefndin mun líklega bregðast við með jákvæðum hætti. Nýi Landsbankinn hefur verið opinn fyrir þessari leið sem unnt væri að fara með „Texas“ uppboði. CW sagði að skuldabréfaeigendur vildu fá að fara í kostgæfnisathugun fyrir hönd kröfuhafa. Þetta yrði erfitt ef tímaáætlun ætti að nást. HP hafði áður stungið upp á að þessi kostgæfnisathugun færi fram í júní.

CW sagði að bæði Kaupþing og Íslandsbanki væru að skoða skuldabréf sem væri sérvarið með tilteknum eignum. Hagnaðurinn af eignunum umfram matsverð rynni til kröfuhafa. Talsverð vandkvæði fylgdu aðferðinni, þ.e.a.s. sanngirnismat sem yrði að fara fram á hverri eign fyrir sig, kröfuhafar ætluðu ekki að greiða fyrir áhrifin af fjármögnun stjórnvalda sem er nauðsynleg forsenda þess að unnt sé að hagnast af þessum tilteknu söfnum.

### 2. Tillaga varðandi Íslandsbanka

Glitnis tillagan inniheldur skuldabréf og eigið fé.

Skuldabréfið yrði í tveimur hlutum. Það yrði með sama forgang og almennar kröfur ef gera þyrfti bankann upp síðar til frekar skamms tíma.

Seinni hlutinn væri innlán sem unnt væri að hækka ef lánasafnið hækkar í verði. Að veði væri allt lánasafn bankans, en 80% af hagnaði umfram mat rynni til kröfuhafanna.

Í þessari tillögu var gert ráð fyrir breytirétti yfir öll hlutabréf stjórnvalda líkt og tillögur Hawkpoint en með lægra skiptigengi en tillögur Hawkpoint. Fjórði hluti yrði að þeir fengju 49% af hlutafé bankans. Það jákvæða við þetta er að þeir eru að vinna í takti við hugmyndir stjórnvalda. Kannski ætti að líta á þessar sem „matseðil“ yfir það sem þarf að ræða. ÞP sagði að skilanefndin stenfdi að ISK 50-60 milljörðum í seinni skuldabréfi/innláni en ISK 30 milljörðum í fyrri skuldabréfi.

### 3. Tillaga varðandi Kaupþing

Beðið er eftir formlegu svari vegna upprunalegar tillögu stjórnvalda. Verið er að skoða tvær mismunandi leiðir og er verið að semja um þær báðar um það hvernig stjórnvöld geta fjármagnað Kaupþing og yfirtöku Gamla Kaupþings. IP sagði að hann teldi að enn væri ýmsum spurningum ósvarað varðandi hugmynd stjórnvalda. AS sagði að samningar myndu halda áfram eftir núverandi tímaáætlun en opið væri fyrir að Kaupþing keypti bankann aftur fljótlega eftir að almennileg kostgæfnisathugun hefði farið fram. Gamli bankinn virðist vera tilbúinn að skoða mismunandi möguleika, en vill hefja ferlið fyrr, láta það standa lengur yfir og er einungis til að greiða áhættulausa vexti fyrir 80% hlutafjárins. Það er mikilvægt að hugsa fram um lengri tíma en skemmri tíma ávöxtun. ÞP sagði að fundur yrði haldinn með FME um tímaáætlun. Menn gætu þurft að setja málið í gerð 17. júlí, en þangað til er rétt að fókusera á skuldabréf með framvirkum valréttum. Aðrir hlutar samninganna geti beðið. HV lýsti áhyggjum sínum af stjórnendum bankans og áhrif þeirra á Íslandi á meðan enn væri ekki búið að klára ferilinn. Menn hafi einnig áhyggjur af áhyggjum AGS vegna tafa á ferlinu. IP mun ræða þetta við Franek. Hawkpoint og ÞP munu halda videofund með AGS seinna um daginn. AS sagði að það væri meiri hætta á stefnum án sanngjarns FME ferils. IP sagði að hann hefði lítinn áhuga á að hefja nýjan verðmatsferil.

Landslög eiga að rita minnisblað fyrir FME til þess að verjast vandræðum vegna Deloitte verðmatanna. Það virðist vera nægilega sterk rök fyrir því að skipta ferlinu í tvennt þar sem skilanevndirnar hafa bent á að þær verði ekki með endanlegan kröfuhafalista fyrr en í nóvember. Þetta er aðalástæða tveggja þrepa ferlis.